

37ae. **32002 D 0734:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB frá 30. maí 2002 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar rekstrarundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/48/EB (Stjttíð. EB L 245, 12.9.2002, bls. 370).

37af. **32002 D 0735:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/735/EB frá 30. maí 2002 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar járnbrautarvagnaundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/48/EB (Stjttíð. EB L 245, 12.9.2002, bls. 402).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2002/730/EB, 2002/731/EB, 2002/732/EB, 2002/733/EB, 2002/734/EB og 2002/735/EB á íslensku og

norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. mars 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. mars 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.